


Hópuppsagnir í nóvember og á árinu 2008

2. desember 2008

Nóvember 2008

Í nóvembermánuði bárust Vinnuálgalastofnun 12 tilkynningar um hópuppsagnir þar sem sagt var upp samtals um 560 manns. Um 43% tilkynninganna komu úr verslun, flutningum og tengdum greinum. Um 33% voru vegna starfsmanna í mannvirkjagerð og tengdum iðnaði og um fjórðungur úr sérfræðilegri þjónustu og upplýsinga og útgáfustarfsemi.



Mynd 1. Skipting hópuppsagna í nóvember á atvinnugreinum

Um 83% uppsagnanna eru vegna starfsfólks á höfuðborgarsvæðinu en aðrar uppsagnir eru á Vesturlandi og Suðurlandi.

Heildarfjöldi starfsmanna þeirra fyrirtækja sem tilkynntu uppsagnir er ríflega 2.400 manns, og því eru þessi fyrirtæki sem um ræðir að segja upp um 23% starfsmanna sinna að jafnaði og er uppsagnahlutfallið hæst í mannvirkjagerð eða yfir 80%, en 15-30% í öðrum greinum.


Uppsagnirnar koma til framkvæmda allt upp í 6 mánuði. Upplýsingar um hvenær nákvæmlega einstakar uppsagnir koma til framkvæmda eru fremur óljósar, en þó má segja að á tímabilinu 1-3 mánuðir sé algengast. Töluvert var um lausráðið fólk sem verður fyrir uppsögnum að þessu sinni og því kemur um helmingur uppsagnanna til framkvæmda um áramótin og svo um mánaðarmótin jan./feb. og feb./mars.

Helstu ástæður uppsagna eru rekstrarerfiðleikar, fyrirsjáanlegur samdráttur verkefna eða verkefnaskortur, og endurskipulagning .

Hópuppsagnir á árinu 2008


Alls hefur hátt í 5.000 manns verið sagt upp á árinu 2008 með hópuppsögnum. Stærstur hluti uppsagnanna barst í lok október eða tæp 60%, en 11% uppsagnanna barst í nóvembermánuði.

Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig áætlað er að hópuppsagnir sem tilkynntar hafa verið á árinu komi til framkvæmda. Um 1.000 eru að koma til framkvæmda núna um þessi mánaðarmót og yfir 1.000 hafa þegar komið til framkvæmda. Samkvæmt tilkynntum hópuppsögnum missa um 1.000 manns vinnuna um áramót og annar eins hópur um mánaðarmótin jan./feb. Milli 600 og 700 koma til framkvæmda næstu þrenn mánaðarmót þar á eftir, mest um mánaðarmótin febrúar/mars.



Mynd 2. Yfirlit yfir hvenær hópuppsagnir ársins 2008 koma til framkvæmda

Á myndinni að neðan má sjá hvernig hópuppsagnir ársins skiptast á atvinnugreinar. Mest hefur verið um hópuppsagnir í mannvirkjagerð og þvínæst í verslun og fjármálastarfsemi og svo flutningastarfsemi.



Mynd 3. Hópuppsagnir á árinu 2008 eftir atvinnugreinum